

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um umferð og vegtolla.

1. Hversu mikil er umferð að meðaltali á degi hverjum á:
  - a. Þjóðvegi 41 (Reykjanesbraut),
  - b. Suðurlandsvegi til Selfoss, og
  - c. Vesturlandsvegi að Hvalfjarðargöngum?

Vegur	Kafli	Umferð ÁDU 2009 (bílar/sólarhring)
Reykjanesbraut	Á Strandarheiði	10.300
Suðurlandsvegur	Neðan Lögbergs	8.600
Suðurlandsvegur	Í Svínahrauni	7.900
Suðurlandsvegur	Á Hellisheiði	6.700
Suðurlandsvegur	Vestan Biskupstungnabrautar	7.200
Vesturlandsvegur	Sunnan Grundarhverfis	7.000
Vesturlandsvegur	Norðan Grundarhverfis	6.100

2. Hvar í heiminum er GPS-tækni notuð til vegtollunar?

Eftirfarandi svar er einungis dæmi um hvar GPS-tækni er notuð til að mæla staðsetningu og ekna vegalengd ökutækja með það að markmiði að innheimta vegtolla:

Þýskaland	Hraðbrautir og nokkrir aðalvegir (flutningabílar >12 tn).
Slóvakía	Hraðbrautir og aðalvegir (vöru- og fólksflutningabílar > 3,5 tn).
Singapúr	(Áætlað 2010).
Holland	Gerðar hafa verið vel heppnaðar tilraunir með GPS-mælingar á staðsetningu og ekinni vegalengd ökutækja í því skyni að innheimta vegtolla. Fyrirhugað var að hefja innheimtu vegna stórra bíla 2012 og allra bíla 2017 en þeirri ákvörðun var slegið á frest fyrir þingkosningarnar í Hollandi sl. vor.
Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.	

Það verður að horfa til þeirrar stöðu sem við erum í um þessar mundir en afar takmarkað fé er til ráðstöfunar til nýframkvæmda.

Í fjögurra ára samgönguáætlun 2009–2012 sem afgreidd var frá Alþingi á síðasta þingi er gert ráð fyrir að notendagjöld verði notuð til að greiða fyrir tilteknar samgönguframkvæmdir.